

## Leiðbeiningar fyrir segulborða með glugganeti

Mælum einnig með að skoða leiðbeiningamyndbönd á heimasíðu okkar [www.glugganet.is/pages/leidbeiningar](http://www.glugganet.is/pages/leidbeiningar)

### Segulborðar notaðir í stað gluggalama

Hafir þú valið segulborða með DIY pakkanum þínum þá sleppir þú lið 8, lið 9 og lið 12 í almennu leiðbeiningunum og mögulega sleppir þú líka lið 10.

### Álíming segulborða

1. Áður en segulborðarnir eru límdir á þarf að þrifa vel öll óhreinindi og fitu af bæði álrámmnum og gluggakarminum. Passið að fletirnir séu þurrir áður en lengra er haldið.
2. Byrjið á að ákveða hvort þið viljið að hvíta eða brúni borðinn fari á álrámmann. Hinn fer þá á gluggakarminn og oft ræðst þetta af litnum sem er á gluggakörmunum hvort maður vill brúna eða hvíta þar.
3. Byrjið á að losa filmuna af þeim borða sem á að fara á álrámmann og límið síðan á álrámmann (límið yfir hornin eða látið borðana mætast á hornunum).
4. Leggið hinn borðann ofan á þann sem fór á álrámmann og klippið til (ekki taka filmuna af strax).
5. Mátið gluggarammann á gluggann og merkið með blýanti svo þið getið stillt rammann eftir merkingunum þegar þið hafið tekið filmuna af líminu.
6. Takið nú filmuna af efri borðanum og stillið ykkur af miðað við merkingarnar og þegar þið eruð sátt þrýstið þá rammanum að gluggakarminum.
7. Takið ramman af og þrýstið enn betur á borðann sem er nú á gluggakarminum svo hann límist sem best á gluggakarminn.

